

Ástin er dauðans alvara



Kl. 11.00

Í Gerðarsafni stendur yfir sam-sýning Gullpenslanna svokölluðu. Á sýningunni Indigo sýna Birgir Snæbjörn Birgisson, Daði Guðbjörnsson, Eggert Pétursson, Helgi Þorgils Friðjónsson, JBK Ransu, Jóhann Ludvig Torfason, Kristín Gunnlaugsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigtryggur Bjarni Baldvínsson og Sigurður Árni Sigurðsson. Sýningin stendur til 11. febrúar.

Tenórsöngvarinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson er gestur hádegistónleika Hafnarborgar á morgun. Yfirskrift tónleikanna er „Ástin er dauðans alvara“ og samanstendur efnisskráin af hárdramatískum aríum eftir Verdi og Puccini.

Meðleikari á tónleikunum er Antonia Hevesi píanóleikari sem hefur verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar frá stofnun hennar árið 2003 og velur hún þá listamenn sem fram koma á tónleikunum.

Tónleikar þessir fara að jafnaði fram einu sinni í



mánuði og standa þeir yfir í um hálf klukkustund og eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar og er aðgangur ókeypis.

Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 12.

DRAMATÍK OG LÆTI Jóhann Friðgeir Valdimarsson tenór syngur hárdramatískar aríur í Hafnarfirði.

> Ekki missa af...

Sýningu **Önnu Mields** og **Jónu Hlífur Halldórsdóttur** á Café Karólínu á Akureyri. Sýningunni lýkur á föstudag sem og sýningu **Snorra Ásmundssonar** á Karólínu Restaurant.

Leikritinu **Ófögru veröld** í **Borgarleikhúsinu** sem er vísing geðveik sýning í bókstaflegri merkingu.

Vetrarhátíð í **Reykjavík** sem hefst 22. febrúar. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið að merkja í **dagatalið** og taka helgina frá.

menning

menning@frettabladid.is

Lofaður Aldingarður

Smásagnasafn Ólafs Jóhanns Ólafssonar, Aldingarðurinn, fær lofsamlega dóma í bandarískum fagtímaritum um þessar mundir. Bókin kom út samtímis hér á landi og vestan hafs þar sem hún ber heitið *Valentines* en hið virta forlag Random House annast útgáfumál Ólafs þar. Í bókinni eru tólf samtengdar sögur þar sem fjallað er um sambönd fólks en allar hverfast þær um ástina og tím-ann.

Fjögur fagtímarit hafa birt dóma eða umsagnir um bókina að undanfögnu, þar á meðal *Publishers Weekly* og *Library Journal*. Öll hæla þau byggingu bókarnar, stíl sagnanna, persónusköpun og frásagnarhæfileikum höfund-

ar. Í dómi *Library Journal* fær bókin eindregin meðmæli og hún sögð metnaðarfull og þrúgin sársauka. Í umfjöllun *Publishers Weekly* segir að stíll Ólafs Jóhanns sé „gífurlega áhrifamikill“ og bókin „skelfilega hrifandi“.

Að sögn umboðsmanns Ólafs Jóhanns í Bandaríkjunum, Glóriu Loomis hjá Watkins Loomis umboðs-skrifstofunni, er það óvenjulegt að fagtímaritin fjögur séu jafn samhljóða og í dómum sínum um bókina.

„Þetta eru mjög áhuga-verðar sögur og Ólafur

hefur óvenjulega hæfileika – maður veit aldrei hvað kemur frá honum en við hlökkum ávallt til þess,“ segir Glória Loomis. Ólafur þýðir sjálfur sögur sínar og hælir Loomis einnig því starfi hans og áréttar að vitanlega sé höfundurinn ekki eins þekktur vestan hafs og hér heima. „Viðtökur sem þessar hjálpa okkar kynningarstarfi að öllu leyti. Hann er með reglulega góðan útgáfend og er einkar vel liðinn. Þessar jákvæðu umfjallanir verða án efa til þess að útgáfandinn leggur sig enn frekar fram um að vekja athygli á honum.“

Loomis segir að Ólafur Jóhann vinni nú að nýju verki. „Það er ég viss um, hann er alltaf með eitthvað á teikniborðinu.“

- khh



ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON Nýjasta bókin sögð „skelfilega hrifandi“.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Laddaafmælið

Það kom fáum á óvart að áhugi reyndist mikill á afmælisýningu Ladda sem komin er í sölu í Borgarleikhúsinu. Aðeins er um fjórar sýningar að ræða og er svo til uppselt á fyrstu sýninguna og allt að helmingur miða á hinar þrjár er seldur.

Sýninguna kalla aðstandendur Laddi 6 tugur og eru höfundar hennar þeir Laddi og Gísli Rúnar. Hún verður blanda af splunkunýju efni og klassísku efni frá ferli Ladda. Björn Björnsson annast sviðsetningu og hljómsveitarstjóri er Hjörtur Howser. Nú er staðfest hverjir koma fram sem sérstakir gestir. Það verða þeir Steinn Armann, Eggert Þorleifs og Halli Bróðir Ladda sem munu láta ljós sitt skína ásamt Ladda sjálfum. Frumsýningin verður eins og áður sagði 17. febrúar í Borgarleikhúsinu og eru svo þrjár næstu sýningar sem hér segir: laugardaginn 24. febrúar, laugardaginn 3. mars og fimmtudaginn 8. mars.

Nokkuð er langt síðan Laddi kom fram í sýningu af þessu tagi. Hann hefur á þessu ári haft starfsaðstöðu í Borgarleikhúsinu hjá Leikfélagi Reykjavíkur. Hann og Halli tóku síðast þátt í sýningu á vegum Einars Bárðarsonar í Loftkastalanum sem varð hljóðlega feikivinsæl og



LEIKLIST Laddi býður til veislu fjögur kvöld í febrúar og mars. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

þurfti ekki mikla auglýsingu, aðdendur þeirra bræðra skiluðu sér og gekk sýningin mun lengur en í upphafi var áætlað.

Laddi er löngu orðinn að stofnun í íslensku skemmtanalífi, bæði sem stakur skemmtikraftur og í félagi við aðra. Hann þarf gjarna með sér þann sem kallaður er „straight man“ – hinn skynsama sem tekst á við sprellið í trúðnum. Það sem er óvenjulegt við feril Ladda er hversu margar persónur hann hefur skapað og hversu lengi hann hefur haldið þeim lifandi. Þar á hann engan sinn líka í sögu íslenskra skemmtikrafta. Þeir sem ekki hafa kynnst honum á sviði ættu ekki að láta þetta einstaka tækifæri framhjá sér fara. Miðasala er í Borgarleikhúsinu, á vef húsins, www.borgarleikhus.is, og á www.midi.is

- pbb

Einhver verður þar ...

Nýr stjórnandi Listasafns Reykjavíkur, Hafþór Yngvason, mótaði þá stefnu þegar hann tók við húsaforráðum þar að kalla til yngstu kynslóð íslenskra myndlistarmanna og hefur þess þegar séð stað í sýningarhaldi í Listasafninu í Hafnarhúsinu.

Á föstudag opnar ung myndlistarkona einkasýningu, þá fyrstu í röð einkasýninga sem þar verða næstu mánuði. Það er Birta Guðjónsdóttir sem ríður á vaðið. Sýningin er pöntuð og fær Birta þau tilmæli ein að sníða sýningu sína í rýmið. Vettvangur listamannanna er D-salur Hafnarhúsins og dregur sýningaröðin nafn sitt af honum. Sýningaröðin er framtíðarverkefni safnsins en með henni ætlar Listasafn Reykjavíkur að vekja athygli á efnilegum myndlistarmönnum, sem ekki hafa áður haldið einkasýningu í stærri söfnu landsins. Listamennirnir vinna allir ný verk fyrir salinn og í lok hvers árs verður sýningunum fylgt eftir með útgáfu sýningar-skrár.

Birta Guðjónsdóttir kallar sýningu sína *Einhver verður þar*. Safnið kallar sýninguna innsetningu, þá er átt við að listamaðurinn gerir meira en að hengja verk sín upp og koma þeim fyrir, hann verður að takast á við rýmið, nýta það og gera verkin beinlínis fyrir það. Í innsetningu sinni notar Birta speglun og tálsýnir til að ögra upplifun áhorfandans af tíma og rými. Verkin sem fylla D-salinn að þessu sinni eru bæði ljósmyndir og video-verk sem eru þrjú og tengjast innbyrðis.

Birta fór til Amsterdam eftir nám sitt hér heima í Listaháskólanum og útskrifaðist þaðan árið 2004. Birta er enginn nýgræðingur í sýningarhaldi. Hún hefur um langt árabil haldið úti eigin sýn-



MYNDLIST Birta Guðjónsdóttir vill ekki kalla spegla þema í verkum sínum en notar þá mikið. Sýning hennar í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi verður opnuð á föstudagskvöld.

LÓSMYND/BIRTA GUÐJÓNSDÓTTIR. BIRT MED GÓDFÚSLEGU LEYFI LISTAMANNINS.

ingarsal í kjallara á Grundarstíg 21 í Þingholti. Hún hefur sýnt víða á meginlandinu og alla leið til Melbourne fór hún í fyrri og setti saman þar sýningu með verkum sínum og annarra. Hún starfar nú sem sýningarstjóri ásamt Pétri Arasyni í Safni á Laugavegi og sér þar um daglegan rekstur.

Birta er af þeirri kynslóð listamanna sem starfar að list sinni með öðru. Hún segist selja verk nokkrum sinnum á ári en hún hafi ekki gert sér vonir um að lifa af list sinni. Hún hefur um langt skeið unnið verk sín í ljósmyndir og gengið sjálf í störf fyrirsetu. „Vinir hjálpa svo til við tókurnar,“ segir hún. Verk hennar hafa um nokkurt skeið verið leikur með hugtakið latneska reflection – speglun – í víðari skilningu orðsins en okkur er tamur. Eins og sést á myndinni hér að ofan beitir hún speglun í verkum sínum til að sýna rými og opna þau. Hún segist ekki nýta sig sem persónu í verkunum, eins og sumir. En er

útgerð sem þessi ekki dýr? Birta segir framleiðslu mynda alltaf kosta sitt. Meðan hún bjó á meginlandinu segir hún að eitt sinn hafi hún farið sérstaka ferð til Búlgaríu til að láta vinna fyrir sig myndir. Myndlistarmenn verði að sæta því að fara milli landa með stranga verka sinna í handfarangri. Fæstir hafi efni á að flytja verk sín milli landa í réttum umbúðum.

Síðasta einkasýningu Birtu hér á landi var í Suðsuðvestur í Reykjanesbæ 2005. Þá sýndi hún með föður sínum á Seyðisfirði sama ár. Þetta er fyrsta stóra sýningin hennar hér í bænum. Sýningarstjóri er Ólöf K. Sigurðardóttir. Sýning Birtu stendur til 18. mars. Sunnudaginn 4. febrúar kl. 15 bjóða Birta og Ólöf gestum í spjall í innsetningunni miðri – *Einhver verður þar ...* og er um leið orðinn partur af innsetningunni.

Styrktaraðilar sýningarinnar eru Morgunblaðið, Vífilfell og Flugleiðir.

- pbb

Bacon hækkar stöðugt

Leiknonan Sophia Loren er í þann mund að hafa stórfelld áhrif á listheiminn að sögn breska dagblaðsins *Telegraph* sem upplýsir að hún muni í næstu viku selja verk írsku málarsins Francis Bacon, *Study for Portrait II* frá árinu 1956, og áætlað jafnframt að verkið muni seljast fyrir um 12 milljónir punda. Leiknonan heimsfræga vildi þó ekki láta bendla sig við sölu verksins sem áður var í eigu eiginmanns hennar Carlo Ponti sem lést fyrir stuttu. Heildarverðmæti næstu uppboðsverka Christies sem nú eru til sýnis í London hleypur á hundruðum milljóna punda en fyrrgreint verk er talið með þeim merkari. Verkið er hluti af seríu sem Bacon málaði undir áhrifum frá velþekktri mynd Velázquez af páfanum Jambattista Pamfili.

Ponti þessi átti einnig verk eftir Picasso, Henry Moore og Canaletto en var þekktastur fyrir safn sitt af verkum Bacons en verðmæti þeirra hefur aukist verulega undanfarin ár. Ef svo fer sem uppboðshaldararnir óska selst verkið ekki undir 12 milljónum punda og verður þá dýrasta Bacon-málverk sögunnar. Sumir telja að verkið nái 15 milljónum punda sem verður þá metsala fyrir listaverk sem gert er eftir síðari heimsstyrjöld.

Áhugasamir geta fræðst um fleiri verðugar fjárfestingar á heimasíðunni www.christies.com.

TÍMAMÓTAVERK BACONS Smekkmáðurinn Carlo Ponti átti dagott safn af verkum írsku málarsins. NORDIC PHOTOS/GETTYIMAGES

